

Nd.

9. Frumvarp til laga

[9. mál]

um Landsbókasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafns er:

1. að annast söfnun og varðveislu íslenskra rita og rita, er varða Ísland eða íslensk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra,
2. að afla erlendra rita í öllum greinum vísinda, bókmennta, lista, tækni og samtíðarmálefna,
3. að annast rannsóknir í íslenskri bókfræði,
4. að vinna að kynningu íslenskra bókmennta og íslenskrar menningar innan lands og utan,
5. að leiðbeina þeim, er til safnsins leita, og örva til bóklestrar og fræðaiðkana.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar, á hverri tungu sem er. Sé enginn kostur frumrita, skulu fengnar af þeim filmur eða annars konar myndir, eftir því sem auðið er.

Landsbókasafn skal varðveita ónotað eitt eintak af sem flestu íslenzku prentmáli, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

4. gr.

Landsbókasafn varðveitir handritasöfn þau, er það hefur viðað að sér frá öndverðu, en skal jafnframt vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu.

Það skal vinna að öflun mynda af íslenzkum handritum, ef frumrit eru ekki fáanleg. Landsbókasafnið og Handritastofnun Íslands skulu hafa samráð um þetta síðasta atriði, skipta þar með sér verkum, svo að ekki komi til tvíverkn-aðar.

5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknnum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum (og öðrum þeim aðilum, sem tilgreindir eru í lögnum um afhendingu slíkra eintaka) og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal halda uppi og greiða fyrir bókaskiptum við erlend söfn og vísinda-stofnanir.

7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við önnur bókasöfn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn.

8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er að skipta safninu í deildir.

Menntamálaráðherra skipar bókaverði og aðra starfsmenn safnsins að fengnum tillögum landsbókavarðar. Um tölu þeirra fer eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

9. gr.

Laun landsbókavarðar og annarra fastra starfsmanna skulu vera samkvæmt hinu almenna launakerfi opinberra starfsmanna.

10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til. Bókaverðir skulu vera landsbókaverði til fulltingis um bókaval, hver í þeirri grein eða greinum, sem hann er kunnugastur.

Háskólaráð skipar safninu jafnframt ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim greinum, er ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókaverði er heimilt að leita ráða eða hlíta tillögum enn annarra sérfróðra manna.

11. gr.

Í Landsbókasafni skal vera myndastofa, og annist þeir, sem þar starfa, alla myndagerð fyrir safnið, en þjóni jafnframt öðrum opinberum stofnunum, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

13. gr.

Í Landsbókasafni skal vera bókbandsstofa, og bindi starfsmenn hennar bækur safnsins og rit, en veiti jafnframt Þjóðskjalasafni þjónustu, svo sem verið hefur.

14. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 44/1949, um Landsbókasafn Íslands.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðherra fól forstöðumönnum Landsbókasafns, Listasafns og Handritastofnunar hverjum um sig að athuga um endurskoðun löggjafar um stofnun sína í samstarfi við ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins. Hafa þeir dr. Finnboði Guðmundsson, landsbókavörður, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, samið frumvarp þetta, og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Landsbókasafn Íslands (eða Stiftisbókasafn Íslands, eins og það hét í öndverðu) var stofnað 28. ágúst 1818, en tók að vísu ekki til starfa fyrr en í nóvembermánuði 1825, er það fékk inni með bækur sínar á dómkirkjuloftinu. Aðalhvatamaður að stofnun safnsins og beztu stuðningsmaður þess fyrstu áratugina var Daninn Carl Christian Rafn.

Jón Árnason varð 1848 fyrsti launaði bóka- og handritasafni Jóns Sigurðssonar. Sérstök stjórnarnefnd höfðu yfirumsjón með því. Eftir að Alþingi öðlaðist fjárveitingavald 1874, veitti það safninu reglulega styrk og studdi það jafnframt stundum til einstakra kaupa, svo sem á hinu merka bóka- og handritasafni Jóns Sigurðssonar.

Bækur Landsbókasafns voru fluttar í hið nýreista Alþingishús sumarið 1881, enda var í uppástungu til þingsályktunar 1879 talað um „bygging á húsi handa alþingi og söfnum landsins“. Húsnæði safnsins í Alþingishúsinu reyndist, þegar kom fram um aldamót, alls ónógt. Við þeim vanda var þó brátt snúizt, því að Hannes Hafstein, ráðherra, lagði fyrir Alþingi 1905 „Frumvarp til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga“ í sex greinum. Var stjórninni í 6. grein frumvarpsins veitt heimild til: „1. að láta reisa bókasafnsbyggingu úr steini eða steinsteypu. Hún skal vera þannig byggð, að auka megi við hana síðar eftir þörfum, en í bráð skal hún rúma Landsbókasafnið og Landsskjalasafnið eins og þau eru nú ásamt viðauka þeim, er ætla má, að þau fái næstu 50—60 ár. Skal haga svo til, að fyrst um sinn geti orðið geymd þar einnig hin önnur söfn landsins, eftir því sem rúm leyfir. Til byggingar þessarar má verja allt að 160 þúsund krónum.“

Smíði Safnahússins lauk 1908, og tók Landsbókasafn til starfa í hinum nýju húsakynnum í marzmánuði 1909. Þjóðminjasafnið og Náttúrugripasafnið þrengdu snemma kosti þess, en fengu húsnæði annars staðar 1950 (Þjóðminjasafnið) og 1960 (Náttúrugripasafnið). Leið ekki á löngu frá brottflutningi þeirra, að það rými, er þannig vannst, væri nýtt til fulls.

Í Landsbókasafni eru nú um 270 þúsund bindi prentaðra bóka, en rúmlega 12 þúsund bindi handrita. Auk landsbókavarðar eru níu bókaverðir, þar af tveir í handritadeild safnsins. Þá er ritari, myndagerðarmaður, húsvörður og þrjár bókbindarar. Tvær konur vinna að viðgerð handrita, en þær hafa aðsetur í Þjóðskjalasafni og starfa fyrir bæði söfnin og síðar jafnframt fyrir Handritastofnun Íslands.

Landsbókasafn gefur út Árbók, þar sem birtar eru skrár um árlegan íslenskan ritauka, en jafnframt skýrsla landsbókavarðar um starfsemi safnsins og greinar um bókfræði og bókmenntir. Skrár um handritaauka safnsins eru birtar á nokkurra ára fresti, og unnið er að Íslenskri bókaskrá, áfanganum 1534—1844.

Frumvarp það, er hér liggur fyrir, er í öllum aðalatriðum sniðið eftir gildandi lögum nr. 44/1949, um Landsbókasafn, enda var þeim, svo sem segir í athugasemdum bókasafnsnefndar þeirrar, er samdi þau, „ætlað að marka stefnuna í vísindalegum bókasafnsmálum þjóðarinnar“. Í þeirri nefnd áttu sæti: Dr. Björn Sigfússon, háskólabókavörður, dr. Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, dr. Jakob Benediktsson, orðabókkarritstjóri, dr. Sigurður Nordal, prófessor, og dr. Þorkell Jóhannesson, prófessor. Í lögnum er gert ráð fyrir, að Landsbókasafnið verði þjóðbókasafn Íslands, þ. e. höfuðbókasafn þjóðarinnar. Jafnframt því sem það annist söfnun og varðveislu íslenskra rita, prentaðra og óprentaðra, og rita, er varða Ísland eða íslensk efni, skuli safnið halda uppi almennum erlendum bókakosti, svo viðtækum sem kostur sé á.

Safnið skuli fyrst og fremst ætlað fræðimönnum, og er rétt að minna hér á, að það heiti á ekki við skólagengna menn eina, heldur engu síður fræðimenn úr öðrum stéttum þjóðfélagsins, er jafnan hafa mjög sótt til safnsins og unnið þar að margvislegum fræðistörfum.

Í athugasemdum fyrrgreindrar bókasafnsnefndar segir svo orðrétt:

„Fram til síðustu áratuga hefur Landsbókasafn verið hið eina vísindalega bókasafn þjóðarinnar. En nú hafa risið upp eða eru að rísa nokkur önnur vísindaleg bókasöfn. Stærst þeirra er Háskólabókasafn. En auk þess hafa ýmsar stofnanir efnt til bókasafna vegna starfsemi sinnar eða rannsókna, svo sem Atvinnudeild Háskólans, Náttúrugripasafnið o. fl. Hvert þessara safna er miðað við þarfir sinnar stofnunar og ætlað það hlutverk framvegis. En samvinna allra slíkra safna er eðlileg og nauðsynleg, og er Landsbókasafni ætlað að gangast fyrir henni.

Koma á upp skráningarmiðstöð safnanna. Er gert ráð fyrir því, að Háskólabókasafn annist hana, að fengnu samþykki háskólaráðs. Það er talið heppilegt fyrirkomulag, því að mörg sérsafnanna eru tengd háskólanum.

Með þeirri skráningarmiðstöð notast bókakostur safnanna að fullu, hvar sem bækurnar eru varðveittar. Menntaáætlunir geta gengið að skránni og fengið þar yfirlit um bókakost safnanna og gengið síðan að bókunum, þar sem þær eru.

Auk þess sem þetta fyrirkomulag tryggir hina fyllstu notkun bókakosts þess, sem til er, stuðlar það einnig að hagkvæmri meðferð þess fjár, sem til bókakaupa er varið, og kemur í veg fyrir óþörf kaup sama rits til tveggja bókasafna eða fleiri.

Gert er ráð fyrir því, að söfnin komi sér saman um nánara fyrirkomulag þessarar samvinnu, svo sem skráningu bókanna, röðun þeirra og notkun og lán bókasafna á milli. En hvert safn, sem þátt tekur í þessari samvinnu, skuldbindur sig um leið til að hlíta þeim reglum, sem um hana verða settar.“

Menntamálaráðuneytið gaf út 6. júlí 1956 reglugerð um skráningarmiðstöð fyrir sérfræðibókasöfn, og er þar kveðið svo á, að sú miðstöð verði í Landsbókasafni. En þetta mikla nauðsynjamál hefur því miður ekki enn komið í framkvæmd, forráðamenn safnsins ekki talið fært að sinna því með þeim starfskröftum, er það ræður yfir. Vonir hljóta þó að standa til, að Alþingi veiti hið fyrsta fé til þessarar starfsemi, enda löngu ráð fyrir henni gert bæði í lögum og reglugerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1968 er efnt til Byggingarsjóðs safnahúss með 1.5 milljón króna framlagi, sem með lögum nr. 5/1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var lækkað í hálfu milljón króna. Má segja, að þar sé tekinn upp þráðurinn frá þingsályktun þeirri um sameining Landsbókasafns og Háskólabókasafns, er samþykkt var 29. maí 1967. Var sú ályktun árangur af starfi nefndar, sem skipuð var 11. september 1956, og áttu sæti í nefndinni: Dr. Þorkell Jóhannesson, háskóla- rektor, Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, dr. Finnur Sigmundsson, landsbókavörður, dr. Björn Sigfússon, háskólabókavörður, og Bjarni Vilhjálmsson, skjalavörður.

Ályktunin er þannig:

„Alþingi ályktar:

1. Að sameina beri Háskólabókasafn Landsbókasafni eins fljótt og unnt er á næstu árum, þannig að Landsbókasafn verði aðalsafn, en í Háskólabókasafni sé þá þáttur starfseminnar, sem miðast við handbóka- og námsþarfir stúdenta og kennsluundirbúning og rannsóknir kennara.
2. að fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessa átt.
3. að nú þegar verði svo náð samstarf upp tekið milli Landsbókasafns og Háskólabókasafns sem við verður komið að álitum forráðmanna þeirra, og hliðsjón höfð af væntanlegri sameiningu safnanna.“

Nýtt hús undir þjóðbókasafn í nágrenni Háskólans er auðvitað forsenda þeirrar sameiningar bókasafnanna, sem stefnt er að. Og vert er að taka fram þegar, að nýtt hús leysir ekki aðeins húsnæðisvanda Landsbókasafns og Háskólabókasafns, heldur jafnframt fjölmargra stofnana, er koma munu eldra bókakosti sínum í aðalsafnið til geymslu, — og Þjóðskjalasafns, er hlýtur að fá geymslurými gamla Safnahússins til umráða, eftir því sem bækur Landsbókasafnsins verða fluttar þaðan.

Vegna fjárveitingar Alþingis er hægt að velja hinu nýja bókasafnshúsi stað og hefja annan nauðsynlegan undirbúning. En meðan unnið er að honum og unz fyrsta áfanga í byggingu hússins verður náð, þarf að sjá til þess, að söfnin fái hvort í sínu lagi — og sameiginlega, þar sem það á við — gegnt sívaxandi hlutverki sínu. Söfnin þurfa bæði á auknu starfsliði að halda til þess að anna brýnustu verkefnum. Því betur sem þau standa hvort um sig, þegar til hinnar raunverulegu sameiningar kemur, því auðveldari mun hún reynast.

Ástæða þykir ekki til að svo stöddu að segja nákvæmlega fyrir í lögum um tilhögun sameiningarinnar. Það hlýtur að bíða síns tíma.

Tilkoma Handritastofnunar Íslands breytir engu um hlutverk Landsbókasafns og handritadeildar þess. Safnið hlýtur sem þjóðbókasafn eftir sem áður að leggja mikla rækt við þá deild. Nauðsynlegt er, að samráð sé haft í einstökum tilvikum, og er í lögnum bent á atriði sem öflun mynda af íslenskum handritum í erlendum söfnum. En auðvitað kemur þar fleira til greina.

Myndastofa Landsbókasafns gegnir sívaxandi hlutverki og ræður þegar yfir góðum vélakosti. Þykir einsýnt, að vænlegast sé að efla hana svo að tækjum og starfsliði, að hún geti jafnframt veitt öðrum opinberum stofnunum fullkomna þjónustu. Myndatöku- og úrvinnsluvélar eru mjög dýrar og því fyrir miklu, að þær séu nýttar sem bezt, og gildir hið sama um starfslið stofunnar.

Ákvæði er nú í fyrsta sinn sett í lög um bókbandsstofu í Landsbókasafni. Er mikið hagræði að slíkri stofu í safninu, þótt þar verði ekki bundinn nema hluti þeirra rita, er binda þarf, því að bókbindarar eru þar jafnmargir nú og þeir voru fyrir hálfri öld.